



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um bókhald (ný heildarlög)
Ráðuneyti og skrifstofa	Atvinnuvegaráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	8.6.2026

A. Tilefni

Forsaga máls og tilefni, þar á meðal að hvaða marki gildandi lög og reglur duga ekki til?

Með framförum í tæknimálum hefur umhverfi bókhalds tekið stakkaskiptum frá því lögin voru skrifuð. Færsla bókhalds hefur færst frá bókhaldsbókum á pappír inn í hinn rafræna heim. Þar sem lögin voru skrifuð með pappírbókhalds hugsun þarf að gera breytingar á lögnum þannig að þau endurspeglí þann raunveruleika hvernig bókhald sé fært í dag.

Um er að ræða heildarendurskoðun laganna með áherslu á rafrænt bókhald og einföldun fyrir minni félög. Skilgreiningakaflinn bættur og hugtök í ljósi tæknibreytinga skýrð. Varðveislukvæði bókhaldsbóka er breytt og lagatextinn uppfærður í ljósi tæknibreytinga. Einnig verða ákvæðin um skoðunarmenn tekið til skoðunar.

Lögin voru upphaflega skrifuð með eldri framkvæmd bókhalds í huga, pappírbókhald. Með framförum í tækni hefur bókhaldsumhverfið verið að breytast og er verið að ná þeirri hugsun inn með nýjum lögum.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki (t.d. stjórnarsáttmáli).

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins kemur m.a. fram að á kjörtímabilinu verði unnið að hagstæðum rekstrarskilyrðum fyrirtækja.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu.

Frumvarpið er í samræmi við að stuðla að heilbrigðu og samkeppnishæfu viðskiptalífi, sem og að tryggja að löggjöf sé skýr og skilvirk. Einnig er verið að tryggja að löggjöfin sé í samræmi við tækniþróun og framkvæmd á sviði bókhalds.

C. Útfærsla

1. Stutt lýsing á þeirri útfærslu sem áformuð er, heildarlög/breytingalög, innleiðing EES-gerðar o.s.frv. Rökstuðningur þar sem reifaðar eru mögulegar leiðir við lagasetningu.

Lagt er upp með að leggja fram frumvarp með nýjum heildarlögum um bókhald þar sem rauðum þræði laganna sem byggist á pappírbókhaldi er breytt í rafrænan. Það kallar á orðalagsbreytingar ákvæðanna, ný hugtök og skilgreiningar.

Lagt verður til að geymsla bókhaldsgagna verði ekki bundin við geymslu gagna hérlendis sem endurspeglar pappírshugsunina að möppur með gögnum séu til staðar. Horft verði til þess raunveruleika í dag að bókhald er geymt á rafrænan hátt, oftast í skýjum. Þannig verði breytingin á þann veg að bókhald sé ávallt aðgengilegt án tafar fyrir yfirvöld en ábyrgð

geymslu skuli vera hjá hinum bókhaldsskylda. Önnur ákvæði þar sem breyting hefur orðið á vegna tækniframfara vera skoðuð og tekin út og endurbætt en þar má t.d. nefna hugtakið frumrit ofl. Farið verður yfir stöðu skoðunarmanna en ábendingar hafa borist um að þetta sé falskt öryggi og verður það skoðað.

2. **Að auki, ef innleiðing EES-gerðar: Taka þarf fram ef fyrirhugað er að ganga lengra en lágmarkskröfur gerðar kveða á um og greina frá ástæðum þess (svigrúm til innleiðingar).**

Á ekki við.

D. Breytingar

Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Um er að ræða nýja heildarlöggjöf.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**

Nei.

2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Nei.

3. **Eru önnur lög sem taka þarf tillit til?**

Nei.

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Helstu hagsmunaaðilar eru félögin í landinu en samráð við þau félög fer fram í gegnum hagsmunasamtök atvinnurekenda, m.a. Samtök atvinnulífsins, Félag atvinnurekenda, Atvinnufjélagið og Viðskiptaráð Íslands. Aðrir hagsmunaaðilar eru einnig ársreikningaskrá, Skatturinn, Félag löggiltra endurskoðenda (FLE), Félag bókhaldsstofa og Félag viðurkenndra bókara.

2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Nei.

3. **Samráð sem þegar hefur farið fram.**

Samráð er þegar hafið við Félag bókhaldsstofa, Félag viðurkenndra bókara, Félag löggiltra endurskoðenda, ársreikningaskrá og Skattinn en fulltrúar þeirra eru í vinnuhópi sem fulltrúar atvinnuvegaráðuneytisins stýra.

4. **Fyrirhugað samráð (samráðsgátt og annað samráð).**

Samráð er fyrirhugað við helstu hagsmunaaðila, sbr. liður 1 hér að framan. Þá verða Áform um lagasetningu, Frummat á áhrifum lagasetningar, sem og frumvarpið á síðari stigum kynnt í opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Greining á áætluðum kostnaði vegna lagasetningarinnar er í vinnslu.
H. Gildistaka og næstu skref
1. Hvenær er gert ráð fyrir gildistöku? Hvað má ætla að þeir sem verða fyrir áhrifum, þ.e. opinberar stofnanir, hagsmunaaðilar og almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings og aðlögunar? Verði frumvarpið að lögum er ekki talið að sú breyting sem í því felst hafi í för með sér mikil áhrif á haghafa, stofnanir eða almenning. Ekki er því þörf á löngum tíma til undirbúnings eða aðlögunar. Sú breyting sem felst í frumvarpinu verður kynnt tímanlega haghöfum. 2. Mælikvarðar á árangur. Á ekki við.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.